

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Dagverðardal í Skutulsfirði.*

Breytingin felur í sér að fjórar lóðir breytast úr gulum (frístundalóðir) í appelsínugulan lit (frístundalóðir til útleigu) og að fjórum lóðum verði breytt úr appelsínugulum (frístundalóðir til útleigu) í gulan (frístundalóðir). Hlutfallið milli gulu svæðanna (frístundalóðir) og appelsínugulu svæðanna (frístundalóðir til útleigu) helst þar með óbreytt, í samræmi við ákvæði í grein 4.3 deiliskipulagsins.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Ísafjarðarbæ, 14. apríl 2026.*

**Helga Þuríður Magnúsdóttir,**  
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

---

B deild - Útgáfudagur: 27. apríl 2026